

SOLID CLOUDS

AÐALFUNDUR 16. APRÍL 2026

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til aðalfundar fimmtudaginn 16. apríl 2026, kl 16:00 í höfuðstöðvum félagsins, Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda þess til samþykktar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári og ákvörðun um arðgreiðslur
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
5. Kjör endurskoðanda félagsins
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins
7. Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar
8. Önnur mál

Dagskrá fundarins, tilhögun og fundargögn, þ.á.m. tillögur stjórnar, verður aðgengileg á vefsetri félagsins, [AGM 2026 | Solid Clouds](#).

Hluthafi og umboðsmaður hans getur skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá og með kl. 15:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmaður sem hyggst skrá sig með tölvupósti þarf að framvísa undirrituðu umboði og útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthafa gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd enda framvísi umboðsmaður undirrituðu umboði frá hluthafa, sbr. Framangreint.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir á fundinum, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Tillögur stjórnar Solid Clouds hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2025 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap og um arð

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til að tap félagsins verði fært til næsta árs og vísar að öðru leyti til ársreiknings um breytingar á eigin fé félagsins á árinu 2025. Þá leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins rekstrarárs.

4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu með skriflegum hætti tilkynna stjórn félagsins um framboð á netfangið investors@solidclouds.com eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Í tilkynningu skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu félagsins og vefsetri félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

5. Kosning endurskoðenda félagsins

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2026 verði eftirfarandi:

- Þóknun stjórnarformanns verði 200.000 kr.
- Þóknun varastjórnarformanns verði 150.000 kr.
- Laun annarra aðalmanna verði 100.000 kr.
- Laun varamanna verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

7. Starfskjarastefna

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Finna má starfskjarastefnu á vefsetri félagsins, [AGM 2026 | Solid Clouds](#)

8. Önnur mál

—

Reykjavík, 1. apríl 2026

F.h. stjórnar Solid Clouds hf.

Eggert Árni Gíslason
stjórnarformaður